

en, láðu ei svo: að sýna, ið verra,
 á sveif þig geti talið herra !
 þó sjáir hámarks-hitni skeika,
 þá hlíðu þeim sem framar leika !
 Og okkar rýrð ei ryddu í hinu
 sem réttlæting' um hrak-leiknina."

V.

Hann krækti að sér kápu sinni
 og kvaddi í fússi—Leikgleðinni
 við hvarf hans fanst sem auðnar-ama
 hann eftir skildi. En hélt við sama.

VI.

Hann ríkti allra víta vörður
 á veldis-stól, sem hár var gjörður.
 Hann vissi að sálda, sýja, vega
 svo sannleiks-rétt—en ómaklega,
 unz rangúð beisk með brjósti svölu
 hann bókaði nærrí vina-tölu.
 Hann virti hlíð af vorgræðingi
 á vaxtar-smæð á einstaklingi.
 Öll framgangs-vitund huldist honum
 af hæð á stórum of-ætolnum.

VII.

Og einn og sér hann syrgði að kveldi
 hjá sögum þuldum eigin feldi,
 með hjarta-kalsins eymsli inni
 í umbúðum af hótign sinni
 Hann stundi þungt: "Mér varð til víta